

Ed. 473. Frumvarp til laga [246. mál]

um breyting á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 100 milljónum króna“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að 200 milljónum króna.

2. gr.

Eftir 1. mgr. 2. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ráðherra og bankastjórar Landsbankans geta með umboði falið öðrum undirritun bankavaxtabréfanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árinu 1965 fékk veðdeild Landsbanka Íslands með lögum nr. 73 frá 22. maí heimild til að gefa út bankavaxtabréf allt að 100 milljónum króna. Þar sem heimild þessi hefur verið notuð að fullu, þykir rétt að hækka hana um 100 milljónir króna í 200 milljónir króna.

Einnig þykir rétt að gera undirskrift bankavaxtabréfanna handhægari en áður, þannig að veita megi með umboði undirskriftarheimild þeim, er annast daglega framkvæmd lánveitinganna.

Að öðru leyti vísast til athugasemda, er fylgdu lagafrumvarpi því, er varð lög nr. 73/1965.